

# KIRKJUGARÐARÁÐ

## 40. fundur haldinn 10. apríl 2006 í fundarsal Biskupsstofu.

---

**Mætt voru:** Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri og formaður ráðsins, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson fulltrúi Kirkjubings, Kristín Huld Sigurðardóttir, fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins, sem ritaði fundargerð og Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins.

**Gestur:** Ólafur Guðmundsson frá kirkjugörðum Njarðvíkursókna.

### 1. Setning fundar

Fundur var settur kl. 14:10.

### 2. Kirkjugarðar Njarðvíkursókna - kynning v/styrkumsóknar

Ólafur Guðmundsson kynnti erindið. Umsókn kirkjugarðanna vegna framkvæmda barst of seint fyrir árið 2006 og gildir því fyrir styrkárið 2007. Sótt er um styrk til að hlaða utan um steypa garðinn. Hluti hleðslugrjóts fæst við niðurrif á eldri garði í garðinum norðanverðum. Við framkvæmdirnar fást 60 grafarstæði.

Ólafur kvað fjárhag ekki leyfa miklar framkvæmdir í sumar og óskaði eftir vilyrði um styrk, svo unnt væri að halda framkvæmdum áfram. Hann vakti athygli á að um þriðjungur garðsins séu útgrafinn og að ekki fái tekjur fyrir þann hluta, en nauðsynlegt sé að hirða hann. Kirkjugarðaráð mun skoða hvernig hægt verði að bæta þeim görðum, sem eru með hátt hlutfall kirkjugarðs af útgröfnu svæði, kostnað við umhirðu.

Kirkjugarðaráð ákvað að sent verði bréf um að umsóknin hafi verið tekin fyrir og að kirkjugarðar Njarðvíkursókna fái vilyrði um styrk árin 2007 og 2008.

### 3. Svar dóms- og kirkjumálaráðuneytis við fyrirspurn vegna kirkjugarða sem ekki kalla eftir greiðslu grafarpeninga

Lagt var fram bréf frá formanni KGSÍ til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins vegna þessa máls og svar ráðuneytisins við erindinu.

### 4. Afgreiðsla þóknunar v/greiðslu grafarkostnaðar 2005

Nú er verið að loka ársreikningi og er því nauðsynlegt að ákveða greiðslu. Eftir er að ákveða kostnaðarhlutdeild Kirkjugarðaráðs vegna bókhaldsvinnu.

Lagður var fram tölvupóstur frá Þórsteini Ragnarssyni varðandi kostnað vegna tölvuvinnu sem KGRP sinnir og tengist greiðslukerfi kirkjugarða. Nauðsynlegt er að áætla umsjónarkostnað starfsmanns Biskupsstofu fyrir árið 2006.

Formaður fékk umboð stjórnar til að semja um greiðslu kostnaðar.

## 5. **Flutningur á kistu til líkbrennslu – hugsanlegur jöfnunarstyrkur**

Framkvæmdastjóri kynnti málið. Ekki hafa verið samdar tillögur um málefnið. Kirkjugarðaráð taldi eðlilegt að ákveðin yrði gjaldskrá.

Þórsteini var falið að svara erindinu þar sem fram kæmi að líkbrennsla sé ekki niðurgreidd sem stendur. Þórsteinn vakti athygli á að málið yrði rætt á fundi Kirkjugarðasambandsins á Egilsstöðum og gerð yrði grein fyrir því að á þessu stigi málsins sé ekki talið mögulegt að veita jöfnunarstyrki.

## 6. **Kálfholt – afmörkun lóðar fyrir kirkju og garð vegna sölu jarðar**

Sigurgeir kynnti erindið. Jörðin fór í sölumeðferð og var þá óskað eftir að þeir Guðmundur Rafn afmörkuðu lóð kirkju og jarðar. Þeir lögðu til að óselt svæði yrði 600 m<sup>2</sup>. Búið er að samþykkja þá skiptingu í landbúnaðarráðuneytinu. Kirkjugarðaráð gerði engar athugasemdir við fyrirbyggjandi gögn um afmörkun lóðarinnar.

## 7. **Skipting á kostnaði vegna vinnu Sigurgeirs Skúlasonar við afmörkun lóða fyrir kirkjur og kirkjugarða**

Formaður kynnti málefnið. Lögð var fram tillaga um að Sigurgeir yrði í ½ starfi við að ljúka við kortin og að hin 50% við að afmarka lóðirnar skiptust á milli Kirkjumálasjóðs og Kirkjugarðasjóðs. Við þá breytingu mundi Kirkjugarðaráð greiða 75% laun. Þórsteinn taldi eðlilegt að rúkað væri fyrir uppmælingu garða og gerð legstaðaskrár. Um sé að ræða útlagðan kostnað sem eðlilegt sé að garðarnir greiði og að greitt verði fyrir hlutfall vinnu. Þórsteinn lagði fram tillögu um að fjármagnið verði tekið af umhirðupeningum að undangenginni heimild. Ákveðið var að formaður hefði samband við dóms- og kirkjumálaráðuneyti og kannaði hvort heimilt væri að innheimta slíka greiðslu.

Guðmundi Rafni var falið að taka saman lista um stöðu mála fyrir næsta fund, þar sem fram kæmi í hvaða kirkjugörðum vinnunni væri lokið.

Kirkjugarðaráð ákvað að Guðmundur og Sigurgeir semdu bréf til ráðuneytisins þar sem gerð yrði grein fyrir markmiði og ástæðu vinnunnar, stöðu hennar og því sem eftir er að ljúka. Jafnframt yrði leitað álits ráðuneytisins um hver eigi að greiða fyrir vinnuna. Formaður lagði til að ráðuneytinu verði kynnt vinnan og fengið álit þess um hvort leyfilegt sé að skuldajafna eða innheimta á annan hátt gjald fyrir vinnuna.

## 8. **Svar vegna aðalskipulags Akureyrarbæjar**

Lagt var fram bréf til Akureyrarbæjar sem framkvæmdastjóri hafði svarað vegna aðalskipulags. Smári nefndi að í aðalskipulaginu væri um að ræða alveg nýjan garð og eins langt frá þeim sem nú er og hægt væri. Kirkjugarðar Akureyrar höfðu mótmælt aðalskipulaginu. Hann nefndi að í bréfinu kæmi fram að Kirkjugarðaráð gerði ekki athugasemd við skipulagið. Guðmundur Rafn nefndi að nauðsynlegt hefði verið að svara bréfinu á milli funda. Kristín Huld lagði til að textar yrðu sendir til ráðsmanna í þeim tilfellum þegar svara þarf slíkum bréfum á milli funda. Smári lagði til að heimalandið væri kannað þegar svara þyrfti bréfum sem þessum.

## 9. **Önnur mál**

Valtýr gerði grein fyrir stöðu mála varðandi viðmiðunarreglur kirkjugarðaráðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga um skyldur sveitarfélaga til að leggja til nægilegt kirkjugarðsstæði og efni í girðingu.

Þórður Skúlason framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga og Sigurður Óli Kolbeinsson lögfræðingur sambandsins mæltust til að reglurnar yrðu sendar til umsagnar til 6 sveitarfélaga og er það í því ferli nú. Valtýr áætla að ferlið taki 1-2 mánuði. Að því loknu verða viðmiðunarreglurnar lagðar fyrir stjórn sambandsins.

Valtýr var beðinn um að kanna hvort unnt væri að kynna viðmiðunarreglurnar á aðalfundi Kirkjugarðasambands Íslands 20 maí.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið klukkan 16:00.

---

Ragnhildur Benediktsdóttir,  
formaður

---

Kristín Huld Sigurðardóttir,  
ritari